



2010

Þjóðarspegilinn

Breytt framsetning reikningskila

Einar Guðbjartsson

Viðskiptafræðideild
Ritstjóri: Ingjaldur Hannibalsson

Rannsóknir í félagsvísindum XI. Erindi flutt á ráðstefnu í október 2010

Ritstýrð grein

Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands

ISBN 978-9935-424-07-5



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Breytt framsetning reikningsskila

Einar Guðbjartsson

Eitt af megin markmiðum með alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (*international financial reporting standards*, IFRS) er að samræma framsetningu reikningsskila fyrirtækja. Með innleiðingu á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum á evrópska efnahagssvæðinu þann 1. janúar 2005 þá var það gert í þágu almennings. Í dag eru til tvö sett af alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, annars vegar það sem Evrópusambandið sér um, þ.e. alþjóðlegu reikningsskilastaðlarnir, og hins vegar það sem bandaríska reikningsskilaráðið, FASB, notar bandaríska reikningsskilastaðla, (*statement of financial accounting standards*, SFAS). Hvað varðar reikningsskil þá eru tvö hugtök megin þungamiðjan þar, þ.e. gerð og framsetning. Reikningsskil skiptast í þrjá einingar, skýrsla stjórnar og ytri endurskoðanda, ársreikningurinn og skýringar. Ársreikningur inniheldur efnahagsreikning, rekstrarreikning, sjóðstreymi og yfirlit um eigið fé. Þessi grein mun fjalla um nýja framsetningu á ársreikningi. Tilgangur með nýrri framsetningu er að auka skiljanleika og samanburðar möguleika á milli landa og fyrirtækja. Þessi tvö hugtök eru meðal þeirra sem eru í ramma reikningsskila. Með auknum skiljanleika og samanburðarhæfi verður greining reikningsskila betri. Það auðveldar notendum að taka upplýstar hagrænar ákvarðanir, sem er eitt af grundvallar markmiðum reikningsskila. Unnið hefur verið að þessu verkefni hjá IASB og FASB í sameiningu síðan 2001. Með þessari nýju framsetningu koma ný hugtök sem ekki hafa verið notuð í reikningsskilastöðlum en hafa verið notuð við virðismat, t.d. rekstartengdar eignir og skuldir, fjáreignir og skuldir. Framsetning hefur mikil áhrif hvað varðar reikningsskil í þeim tilgangi að ná fram hinn glöggu mynd af fjárhagslegri stöðu og rekstrarafkomu fyrirtækis. Einnig verður reynt að sýna hvernig hægt er að nota þessa nýju framsetningu til að meta gæði tekna og gjalda.

Reikningsskil og notagildi

Reikningsskil er eitt af mikilvægustu þáttunum í fjármálaheiminum. Í Alþjóðlegu reikningsskilastöðlunum er lögð þung áhersla á notagildi reikningsskilanna. Í reikningsskilastaðli nr. 1, Framsetning reikningsskila, kemur fram að reikningsskilin eru gerð fyrir notendur sem ekki hafa annan aðgang að upplýsingum eða geta fengið nákvæmar upplýsingar um fjárhagslega-, rekstrarlega- og greiðslulega stöðu fyrirtækis.

Almenn not reikningsskila er ætlað til að mæta þörfum þeirra sem ekki eru í aðstöðu til að krefjast þess að einingin geri skýrslur sem er sniðin að tilteknum upplýsingum samkvæmt þeirra þörfum (Alþjóðlega reikningsskilaráðið, 2009, A291).

Með því að fyrsti alþjóðlegi reikningsskilastaðlinn, IAS 1, fjallar um framsetningu reikningsskila staðfestir mikilvægi þess fyrir notendur. Reikningsskil eru mikilvæg fyrir fjármálamarkaðinn í heild sinni og m.a. þess vegna er framsetning upplýsinga í reikningsskil mjög mikilvæg. Þessu til áréttingar er hægt að vísa í *The Framework for the Preparation and Presentation of Financial Statements* (Alþjóðlega reikningsskilaráðið, 2001) grein nr. 25 sem fjallar um notendur reikningsskila. 25. greinin fjallar um skiljanleika upplýsinga. Í greininni er talað m.a. talað um mikilvægi gæða upplýsinganna. Góð gæði á upplýsingum er nauðsynlegur þáttur fyrir notendur sem koma til með að taka svo

kallaða „hagræna ákvörðunartöku“. Þessi hagræna ákvörðun byggir m.a. á þeim upplýsingum sem er að finna í reikningsskilum og þar hefur framsetningin einnig áhrif. Með hagrænni ákvörðunartöku er átt við allar þær ákvarðarnir er notandi reikningsskila þarf að taka til þess að verja og/eða viðhalda eign sinni. Hagræn ákvörðunartaka fer því eftir því hvaða hagsmunahópur eiga í hlut, t.d. lánadrottinnar, hluthafar, birgjar o.fl. Fjárfestar sem kaupa og selja hlutabréf, taka ákvörðun um það hvort það á að „selja“ eða „halda“ þeim hlutabréfum sem er í safni þeirra eða „kaupa“ ný hlutabréf. Fjármagnið leitar á hverjum tíma þangað sem ávöxtun er best, með tillit til áhættu á hverjum tíma.

Til þess að skilvirkni sé til staðar í hagkerfinu þurfa margir þættir að vera stíl staðar og eru reikningsskil einn að þeim þáttum. Ekki en nóg að reikningsskil séu til staðar heldur verða notendur og hagsmunahópar að geta lesið og skilið reikningsskilin. En slík getur verið erfitt í dag (Ericson, Espilin og Maines, 2009) Hluthafar taka t.d. hagræna ákvörðun um það hvort það eigi að endurnýja umboð stjórnar til áframhaldandi setu á hverju ári, þegar aðalfundur er haldinn. Hluthafar nota m.a. reikningsskil til þess að meta árangur af umsýslu stjórnar, á því reikningsári sem reikningsskilin ná til. Einnig meta því hluthafar óbeint hvort hluthafaeign þeirra sé betur borgið í umsýslu nýrrar stjórnar eða ekki, þ.e. að meta frammistöðu stjórnar á liðnu reikningsskilatímabili og meta svo væntanlega frammistöðu á næsta.

Bandaríska reikningsskilaráðið (*Financial accounting standards board* [FASB]) leggur einnig mikla áherslu á notagildi reikningsskilanna, má þar nefna skiljanleika sem fellur undir *gæða einkenni notenda* (Bandaríska reikningsskilaráðið, 1980). Þessum hugtökum eru gerð skil í SFAC nr. 2 og til viðbótar kemur hugtakið um hagræna ákvörðunartöku. Bandaríska reikningsskilaráðið tekur undir þessi orð og segir og staðfestir í umræðuskjali, frá apríl 2009, að framsetning reikningsskila skipti öllu máli fyrir notendur;

Hvernig eining setur fram upplýsingar í reikningsskilum sínu er afar mikilvægt vegna þess að reikningsskil eru miðlægur þáttur í fjárhagslegri upplýsingargjöf reikningsskil - grundvallar þýðing til þess að geta miðlað fjárhagslegum upplýsingum til þeirra sem eru utan einingarinnar. The International accounting standards board (IASB) og US Financial accounting standards board (FASB) átti frumkvæði að samstarfsverkefni um framsetningu reikningsskila til að takast á við áhyggjuefni notenda að núverandi kröfur leyfa of margar gerðir af framsetningu og að upplýsingar í reikningsskilum er mjög uppsafnaðar fjárhæðir og ósamræmd í framsetningu, sem gerir það erfitt að fá fullan skilning á sambandinu milli reikningsskila og fjárhagslegrar afkomu einingarinnar. (Bandaríska reikningsskilaráðið, 2008, bls. 14).

Þar sem um tvö sett af reikningsskilastöðlum er að ræða, annars vegar alþjóðlegu reikningsskilastaðlarnir frá Alþjóðlega reikningsskilaráðinu og hins vegar bandarískir reikningsskilastaðlar frá bandaríska reikningsskilaráðinu. Í dag eru reikningsskilin ekki að fullu samhæf hvað snertir gerð og framsetningu þeirra. Hvað varðar gerð reikningsskila þá eru t.d. tekjur ekki skráðar á sama hátt í þessum tveimur settum af reikningsskilastöðlum (Alþjóðlega reikningsskilaráðið, IASB, 2008) Einnig er til staðar fræðilegur munur er á gerð reikningsskila og hægt er að nefna t.d. milliuppgjör (*interim reporting*). Þar takast á tvö reikningsskilaleg sjónarmið, sem hafa áhrif á skráningu tekna og gjalda á viðkomandi tímabili. Alþjóðlegu reikningsskilastaðlarnir, IFRS, túlka það að milliuppgjör er sjálfstætt uppgjör (*discrete view*) eins og um ársuppgjör væri að ræða. Bandarísku reikningsskilastaðlarnir, SFAS, gera ráð fyrir því að milliuppgjör er hluti af stærra uppgjör, þ.e. ársuppgjör (*integral view*).

Vinna er í gangi í dag hvað varðar samræmingu á milli þessara tveggja setta af reikningsskilastöðlum. Þessi samræming á að skila því að meira en sambærilegar fjárhæðir koma fram í reikningsskilum, heldur næstum því eins. Eitt að því sem gerir það að verkum að mismunur er til staðar er sú staðreynd að reikningsskilastaðlar sam-

kvæmt bandaríska reikningsskilaráðinu byggjast á hugtakinu um reglu sjónarmiðið (*rule-based*), þ.e. form umfram efni, en samkvæmt alþjóðlegu reikningsskilaráðinu, IASB, eru alþjóðlegu reikningsskilastaðlarnir byggðir á meginreglu sjónarmiðinu (*principle-based*) hugtakinu, þ.e. efni umfram form. Fatima og Lei (2010) benda á að reikningsskil sem byggja á meginreglu sjónarmiðinu eru ekki eins samanburðarhæf og þau sem eru byggð á reglu sjónarmiðinu, innbyrðis sín á milli, þar sem möguleiki er á því að túlkun verði mismunandi, t.d. eftir iðngreinum eða löndum innan Evrópu-bandalagsins. Mikilvægi þess að hafa eitt sett af reikningsskilastöðlum kemur ágætlega fram hjá Christensen (2010) þar sem fjallað eru um hugtakaramma reikningsskila frá upplýsingalegu sjónarhorni og eftirspurn eftir upplýsingum. Eitt af megin markmiðum reikningsskila er að notandi getið tekið upplýsta hagræna ákvörðun (Alþjóðlega reikningsskilaráðið, IASB, 2001). Einnig kemur fram í gren Christensen (2010) að reglun er mjög mikilvæg en oftast komer meirihlutinn af reglum eftir einhvern atburð eða atburði t.d. kreppuna 1929 og 2008, Enron. Einkenni þessa atburða er að þeir hafa haft mikil áhrif á umgjörð fjármálamarkaðarins. Reglun er alltaf til staðar, óháð tíma, reglun hefur fylgt öllum mörkuðum og „aldrei er það eins mikið viðeigandi og í dag“. Hvort sem við eru stödd á 21. öld eða fjórða áratug síðustu aldar (Tucker, 1987).

Skrif um að þörf sé á að samhæfa reikningshald og reikningsskil er meðal annars að finna í grein sem Federal Reserve Board (FRB) gaf út 1917, „Uniform accounts“ í *Federal Reserve Bulletin* í aprílmánuði 1917. Greinin var endurgerð og endurútfærin nokkrum sinnum. 1918 var greinin fyrst gefin út aftur og þá undir heitinu „*Approved methods for the preparation of balance sheet statements*“. Þar var fjallað um breitt svið reikningsskila, t.d. endurskoðunarferla, form reikningsskila (Moonitz, 1970).

Bæði bandaríska og alþjóðlega reikningsskilaráðin hafa unnið að sameiginlegum hugtakaramma (*The joint conceptual framework project*) frá 2002 og gert sameiginlega áætlun um birtingu skýrsla fram til ársins 2011 (Whittington, 2008). Í október 2004 samþykktu þessar báðar reikningsskilastofnanir sameiginlegt verkefni um gerð og framsetningu reikningsskila, þ.e. hjá IASB er það *Framework for the Preparation and Presentation of Financial Statements* og hjá FASB er það *Statements of Financial Accounting Concepts*. Þær breytingar á reikningsskilum sem fjallað er um hér, er afrakstur þessa starfs.

Reikningsskil og framsetning

Reikningsskil er hægt að skipta í tvo verkferla, annars vegar „gerð reikningsskila“ og hins vegar „framsetning reikningsskila“. Hvað varðar gerð reikningsskila þá koma til skoðunar ýmiss reikningsskilaleg atriði og oftast en ekki álitamál, t.d. afskriftir, virðismat, niðurfærsla. Þegar fjallað er um framsetningu reikningsskila þá er aðalatriðið hvernig reikningsskilin birtast notanda, þ.e. hvernig er t.d. efnahagsreikningur, rekstrarreikningur settir fram og hvernig eru skýringar notaðar til þess að auka skilning á reikningsskilunum í heild. Fyrir nær einu áratug, eða 2001, urðu tvær helstu stofnanir í heiminum sem vinna við gerð reikningsskilastaðla, Alþjóðlega reikningsskilaráðið og bandaríska reikningsskilaráðið sammála um að fara að huga að verkefni um setningu á fjárhagslegum upplýsingum. Árið 2004 var komin sameiginleg verkefnalýsing í þremur liðum

- (a) Áfanga A myndi taka á yfirlýsingum/tölulegum yfirlitum sem mynda í heild sinni reikningsskil og það tímabil sem er ætlað að koma á framfæri.
- (b) Áfanga B myndi takast á við grundvallaratriði um framsetningu og birtingu upplýsinga í reikningsskilum, þar á meðal uppsafnaðar og sundurliðaðar upplýsingar í hverjum aðal reikningsskilanna, skilgreina heildartölur og millitölur

og endurmeta notkun á beinu eða óbeinu aðferð við upplýsingalega framsetningu á sjóðstreymi frá rekstri.

(c) Áfanga C myndi takast á við framsetningu og skýringar í árshluta-reikningsskilum um góða reikningsskilavenju skv. GAAP. Alþjóða reikningsskilaráðið mun einnig endurmeta kröfur í IAS 34 Interim Financial Reporting (Bandaríska reikningsskilaráðið, 2008, bls. 1).

Verkefnið fjallar um hvernig hægt er að breyta framsetningu á reikningsskilum þannig að þau verði skiljanlegri fyrir notendur. Skiljanleiki er ein af forsendum sem reikningsskil verða að uppfylla til þess að reikningsskil teljist gefa glögga mynd að fjárhags- og rekstrarstöðu einingarinnar. Skiljanleiki tilheyrir gæðasérkennum reikningsskila (Alþjóðlega reikningsskilaráðið, 2001). Reikningsskil eru notuð í margvíslegum tilgangi, en sérstaklega þegar notendur eða hagsmunaaðilar þurfa að taka hagræna ákvörðun, t.d. kaupa, selja eða halda hlutabréfinu í viðkomandi fyrirtæki. Fylgiskjöl sem er að finna aftast í greininni sýna drög að mögulegri breyttri framsetningu reikningsskila. Þessi framsetning sem byggir á FASB umræðuskjali frá 2009 sem hefur ekki endilega að geyma endanlega útfærslu. En þessi framsetning ætti að geta gefið þó nokkuð góða mynd af því hvernig breytta framsetningin í reikningsskilum komi til með að líta út. Í fylgiskjali nr. 1 er að finna breytta framsetningu rekstrarreiknings. Í fylgiskjali nr. 2 er að finna breytta framsetningu efnahagsreiknings. Í fylgiskjali nr. 3 er að finna breytta framsetningu sjóðstreymis og í fylgiskjali nr. 4 er að finna framsetningu á breytingu á eigið fé.

Ný hugtök í reikningsskilum

Ný hugtök og ný hugsun í framsetningu reikningsskila eiga að gera það að verkum að skiljanleiki og upplýsingagildi á að aukast með þessum breytingum. Markmið með breytingunum er að samræma framsetningu reikningsskila, því framsetning hefur oftast en ekki ráðist af menningu og löndum, sem leiðir til þess að auka notagildi þeirra upplýsinga sem koma fram í reikningsskilum, t.d. við mat á fjárhagslegum árangri. Lestur og greining reikningsskila yfir landamæri eiga því að ganga betur fyrir sig.

Mörg ný hugtök koma til með að líta dagsins ljós. Þessi nýju hugtök eiga eftir að hafa viss áhrif á framsetningu reikningsskila í framtíðinni. Í töflunni hér að neðan er að finna hluta af nýju hugtökunum sem koma til með að endurspeglast í framsetningunni (Bandaríska reikningsskilaráðið, 2008).

Tafla 1. Nokkur ný hugtök vegna breyttrar framsetningar reikningsskila

Hugtak	Skilgreining
Hlutverk Function	Aðalstarfsemi þar sem einingin er virk. The primary activities in which an entity is engaged.
Eðli Nature	Efnahagsleg einkenni eða eiginleika sem aðgreina eignir, skuldir og þætti tekna, kostnaðar og sjóðstreymi sem ekki bregðast við á sama hátt við svipuðum efnahagslegum atburðum. The economic characteristics or attributes that distinguish assets, liabilities and items of income, expense and cash flow that do not respond similarly to similar economic events.
Rekstrarstarfsemi Operating activity	Starfsemi sem skilar tekjum í gegnum ferli sem krefst þess að innbyrðis notkun auðlinda í viðkomandi einingu. Þessi ferill felur einnig í sér beitingu starfsmanna og fagstjórnendum. An activity that generates revenue through a process that requires the interrelated use of the resources of the entity. That process also includes the application of employee and management expertise.
Flokkur Section	Stærsti hópur af þáttum sem framkoma í reikningsskilum The largest group of items presented in the financial statements

Glögg mynd hefur verið gegnum ganandi rauður þráður í reikningsskilum, bæði hvað varðar gerð og framsetningu þeirra. Það hugtak verður áfram í fullu gildi, en nýtt hugtak „A cohesive financial picture“ sem ég hef þýtt sem „samræmd fjárhagsmynd“ sem verður notað samhliða glöggu myndinni. Skilgreining á þessu hugtaki er að finna í umræðuskjali frá bandaríska reikningsskilaráðinu.

Samþætt fjárhagsmynd þýðir að sambandið milli þátta í reikningsskilum er skýrt og að reikningsskil einingar bæta upp hvern annan þátt eins mikið og hægt er. Reikningsskil sem er í samræmi við markmið samþættingar munu birta gögn sem eru skýrt tengdar upplýsingum hvar sem er í reikningsskilunum á þann hátt að eru skiljanlegar. Samþátta markmiðið á að bregðast við núverandi skorti á samkvæmni í framsetningu upplýsinga í reikningsskilum eininga (Bandaríska reikningsskilaráðið, 2008, bls. 9-10).

Annað nýtt hugtak sem kemur til með að hafa mikil áhrif á framsetninguna er „disaggregation“ sem ég hef þýtt sem „sundurliðun“. Hugtakið er andstæða við „samsöfnun“, í þeirri viðleitni að ekki verði hægt að „fela“ fjárhæðir á bak við aðrar fjárhæðir. Ekki er að finna beina skilgreiningu á þessu hugtaki sem er að finna í umræðuskjali frá bandaríska reikningsskilaráðinu, heldur er fjallað um markmið sundurliðunar í framsetningu reikningsskilanna (*disaggregation objective*) en og þau eru

Eining ætti að aðgreina upplýsingar í reikningsskilum sínum með þeim hætti sem gerir það að verkum að það komi að gagni við mat hvað varðar, fjárhæð, tíma- setningu og óvissu um framtíðar sjóðstreymi þess (Bandaríska reikningsskilaráðið, 2008, bls. 28).

Einnig munu þau hugtök sem reikningsskilin byggja á, þ.e. efnahagsreikningur, rekstrarreikningur, sjóðstreymi og breyting á eigið fé, sem fá ný ensk hugtök. Þetta er gert að mínu mati að fá meiri þyngd í breytinguna.

Tafla 2. Ný grunnhugtök í breyttri framsetningu reikningsskila (Bandaríska reikningsskilaráðið, 2008, bls. 9-10)

Núverandi hugtök	Ný hugtök
Rekstrarreikningur Income statement	Yfirlit um heildarhagnað Statement of Comprehensive Income
Efnahagsreikningur Balance Sheet	Yfirlit um fjárhagslega stöðu Statement of Financial Position
Yfirlit um óráðstafaðan hagnað Statement of Retained Earnings	Yfirlit um breytingar í eigið fé Statement of Changes in Equity
Sjóðstreymisyfirlit Statement of Cash Flows	Yfirlit um sjóðstreymi Statement of Cash Flows

Það getur verið varasamt að einungis breyta innihaldinu en ekki yfirskriftinni. Það gæti leitt til þess að gamla innihaldið, þ.e. gamlar skilgreiningar, verða áfram viðloðandi við hugtök sem eiga að fá nýja skilgreiningu. Það sama gildir að ekki er nóg að breyta yfirskriftinni ef innihaldið er það sama. Yfirskriftin og hugtakið „statement“ á að gefa annan tón og áherslumeiri. *Yfirlit* á að vera í öllum reikningsskilum í sameiginlega breyttu framsetningarformi hjá alþjóðlega og bandaríska reikningsskilaráðunum. Þessu til viðbótar skal sundurliða, aðskilja, rekstrarstarfsemi frá fjármögnunarstarfsemi. Skulu öll fjögur yfirlitin sem nefnd eru í töflunni hér að ofan hafa sömu flokkun, annars vegar innan rekstrarstarfseminnar og hins vegar innan fjármögnunarstarfseminnar.

Tafla 3. Ný hugtök og flokkun við framsetningu reikningsskila (Bandaríska reikningsskilaráðið, 2008, bls. 13)

Statement of Financial Position	Statement of Comprehensive Income	Statement of Cash Flows
Business <i>Viðskipti</i> • Operating assets and liabilities <i>Rekstrarreignir og skuldir</i> • Investing assets and liabilities <i>Fjárfestingar eignir og -skuldir</i>	Business <i>Viðskipti</i> • Operating income and expenses <i>Rekstrartekjur og kostnaður</i> • Investment income and expenses <i>Fjárfestingartekjur og -kostnaður</i>	Business <i>Viðskipti</i> • Operating cash flows <i>Rekstrarsjóðstreymi</i> • Investing cash flows <i>Fjárfestingarsjóðstreymi</i>
Financing <i>Fjármögnun</i> • Financing assets <i>Fjármögnunareignir</i> • Financing liabilities <i>Fjármögnunarskuldur</i>	Financing <i>Fjármögnun</i> • Financing asset income <i>Fjármögnunareigna tekjur</i> • Financing liability expenses <i>Fjármögnunarskuldur kostnaður</i>	Financing <i>Fjármögnun</i> • Financing asset cash flows <i>Fjármögnunareigna sjóðstreymi</i> • Financing liability cash flows <i>Fjármögnunarskuldur sjóðstreymi</i>
Income taxes <i>Tekjuskattar</i>	Income taxes on continuing operations (business and financing) <i>Tekjuskattar á áframbaldandi starfsemi (viðskipti og fjármögnun)</i>	Income taxes <i>Tekjuskattar</i>
Discontinued operations <i>Aflögð starfsemi</i>	Discontinued operations , net of tax <i>Aflögð starfsemi m.t.t. skattaábrifa</i>	Discontinued operations <i>Aflögð starfsemi</i>
Equity <i>Eigið fé</i>	Other comprehensive income , net of tax <i>Annar heildarhagnaður, m.t.t. skattaábrifa</i>	Equity <i>Eigið fé</i>

Samkvæmt framsetningu þá er *Yfirlit um fjárhagslega stöðu (statement of financial position)* fremst af þessum þremur yfirlitum. Það er engin tilviljun, heldur skal fyrst flokka eignir og skuldir þar, annars vegar vegna rekstrarstarfsemi og hins vegar vegna fjármögnunarstarfsemi. Sú flokkun þar skal stýra flokkun í hinum tveimur yfirlitunum. Þetta þýðir að flokkun eigna og skulda í yfirliti um fjárhagslega stöðu ræður, þ.e. flokkun tengist tilgangi uppruna á þeim eignum og skuldum er fyrirtækið ræður yfir. Þess ber að gefa gaum að innan hvers yfirlits að þrír meginflokkar þar þ.e. rekstur, fjárfesting og að síðustu fjármögnun. Í fylgiskjali nr. 1 til nr. 4 er sýnishorn hvernig yfirlit um heildarhagnað (áður rekstrarreikningur), yfirlit um fjárhagslega stöðu (áður efnahagsreikningur), yfirlit um sjóðstreymi (áður sjóðstreymi) og yfirlit um breytingu á eigið fé (áður yfirlit um óráðstafaðan hagnað) kemur til með að líta úr, þegar hin nýja breytta framsetning í reikningsskilum veður staðfest (Bandaríska reikningsskilaráðið, 2008).

Lokaorð

Hér að fram hefur verið lýst hluta af þeim breytingum sem fyrirhugaðar eru vegna samstarfs alþjóðlega reikningsskilaráðsins og þess bandaríska. Tilgangur þess er m.a. að reikningsskil verði bæði skiljanlegri og gæði upplýsinganna aukist. Nýjasta skýrslan um breytta framsetningu reikningsskila var birt í júlí 2010 frá Alþjóðlega reikningsskilaráðinu (2010), þar kemur fram m.a. um tilgang reikningsskila að þau skulu vera þannig framsett að skilvirk boðsamskipti geti átt sér stað hjá aðilum utan fyrirtækisins. Er þess vænst að hin nýja framsetning veiti fyrirtækjum meira aðhald frá markaðinum í framtíðinni.

Heimildir

- Alþjóðlega reikningsskilaráðið. (IASB). (2001). *Framework for Preparation and Presentation of Financial Statements*. London: Höfundur.
- Alþjóðlega reikningsskilaráðið. (IASB). (2004). *Discussion Paper Preliminary Views on Financial Statement Presentation*. London: Höfundur.
- Alþjóðlega reikningsskilaráðið. (IASB). (2008). *IFRS readiness series, IFRS and US GAAP similarities and differences*. London: Höfundur.
- Alþjóðlega reikningsskilaráðið. (IASB). (2009). *IFRS, International Financial Reporting Standards, IAS, International Accounting Standards, no. 1 „Presentation of Financial Statements“*. London: Höfundur.
- Alþjóðlega reikningsskilaráðið. (IASB). (2010). IFRS Foundation (2010) *Staff Draft of Exposure Draft IFRS X FINANCIAL STATEMENT PRESENTATION*. London: Höfundur.
- Bandaríska reikningsskilaráðið. (FASB). (1980). *Statement of Financial Accounting Concepts no. 2. Qualitative Characteristics of Accounting Information*. Norwalk: Höfundur.
- Bandaríska reikningsskilaráðið. (FASB). (2008). Financial Accounting Standards Board (of the Financial Accounting Foundation), *Preliminary views on Financial Statement Presentation, Financial Accounting Series, no. 1630-100*. Norwalk: Höfundur.
- Christensen, J. (2010). Conceptual frameworks of accounting from an information perspective. *Accounting and Business Research*, 40, 287-299.
- Fatima, A. og Lei, C. (2010). International financial reporting standards — credible and reliable? An overview advances in accounting, incorporating. *Advances in International Accounting*, 26, 79–86.
- Erickson, D., Esplin, A. og Maines, L. (2009). One world — One accounting. *Business Horizons*, 52, 531—537.
- Whittington, G. (2008). Harmonisation or discord? The critical role of the IASB conceptual framework review. *Journal of Account. Public Policy*, 27, 495–502.
- Tucker, J. (1987). Government oversight in 1917: The shape of things to come. *Journal of Accountancy*, 5, 73-76.
- Moonitz, M. (1970). Three contributions to the development of accounting principles prior to 1930. *Journal of Accounting Research*, 8, 145-155.

Fylgiskjal nr. 1 Yfirlit um heildarhagnað.

STATEMENT OF COMPREHENSIVE INCOME		For the year ended	
		31 December	
		2010	2009
BUSINESS			
Operating			
Sales—wholesale		2.790.080	2.591.400
Sales—retail		697.520	647.850
	<i>Total revenue</i>	3.487.600	3.239.250
Cost of goods sold			
Materials		(1.043.100)	(925.000)
Labour		(405.000)	(450.000)
Overhead—depreciation		(219.300)	(215.000)
Overhead—transport		(128.640)	(108.000)
Overhead—other		(32.160)	(27.000)
Change in inventory		(60.250)	(46.853)
Pension		(51.975)	(47.250)
Loss on obsolete and damaged inventory		(29.000)	(9.500)
	<i>Total cost of goods sold</i>	(1.969.425)	(1.828.603)
	<i>Gross profit</i>	1.518.175	1.410.647
Selling expenses			
Advertising		(60.000)	(50.000)
Wages, salaries and benefits		(56.700)	(52.500)
Baddebt		(23.068)	(15.034)
Other		(13.500)	(12.500)
	<i>Total selling expenses</i>	(153.268)	(130.034)
General and administrative expenses			
Wages, salaries and benefits		(321.300)	(297.500)
Depreciation		(59.820)	(58.500)
Pension		(51.975)	(47.250)
Share-based remuneration		(22.023)	(17.000)
Interest on lease liability		(14.825)	(16.500)
Research and development		(8.478)	(7.850)
Other		(15.768)	(14.600)
	<i>Total general and administrative expenses</i>	(494.189)	(459.200)
	<i>Income before other operating items</i>	870.718	821.413
Other operating income (expense)			
Share of profit of associate A		23.760	22.000
Gain OD disposa) of property, plant and equipment		22.650	0
Realized gain on cash flow hedge		3.996	3.700
Loss on sale of receivables		(4.987)	(2.025)
Impairment loss on goodwill		-	(35.033)
	<i>Total other operating income (expense)</i>	45.419	(11.358)
	Total operating income	916.137	810.055
Investing			
Dividend income		54.000	50.000
Realized gain on available-for-sale securities		18.250	7.500
Share of profit of associate B		7.500	3.250
	Total investing income	79.750	60.750
	TOTAL BUSINESS INCOME	995.887	870.805
FINANCING			
Interest income on cash		8.619	5.500
	Total financing asset income	8.619	5.500
Interest expense		(111.352)	(110.250)
	<i>Total financing liability expense</i>	<i>(111.352)</i>	<i>(110.250)</i>
	TOTAL NET FINANCING EXPENSE	(102.733)	(104.750)
	<i>Profit from continuing operations before taxes and other comprehensive income</i>	893.154	766.055
INCOMETAXES			
Income tax expense		(333.625)	(295.266)
	<i>Net profit from continuing operations</i>	559.529	470.789
DISCONTINUED OPERATIONS			
Loss on discontinued operations		(32.400)	(35.000)
Tax benefit		11.340	12.250
	NET LOSS FROM DISCONTINUED OPERATIONS	(21.060)	(22.750)
	NET PROFIT	538.469	448.039
OTHER COMPREHENSIVE INCOME (after tax)			
Unrealized gain on available-for-sale securities (investing)		17.193	15.275
Revaluation surplus (operating)		3.653	0
Foreign currency translation adjust—consolidated subsidiary		2.094	(1.492)
Unrealized gain on cash flow hedge (operating)		1.825	1.690
Foreign currency translation adjust—associate A (operating)		(1.404)	(1.300)
	TOTAL OTHER COMPREHENSIVE INCOME	23.361	14.173
	TOTAL COMPREHENSIVE INCOME	561.830	462.212
	Basic earnings per share	7,07	6,14
	Diluted earnings per share	6,85	5,96

Drög að breyttri framsetning á rekstrarreikning yfir í „yfirlit um heildarhagnað“ (*statement of comprehensive income*). Hér kemur vel fram hvernig sundurliðunin (*disaggregation*) á að kalla fram betri upplýsingar og aukinn skiljanleika í reikningsskilum. Yfirlit um heildarhagnað skiptist í þrjá flokka, þ.e. rekstur (*operating*), fjárfesting (*investing*) og fjármögnun (*financing*).

Fylgiskjal nr. 2 Yfirlit um fjárhagslega stöðu.

STATEMENT OF FINANCIAL POSITION		As at 31 December	
		2010	2009
BUSINESS			
Operating			
Accounts receivable, trade		945.678	541.375
Less allowance for doubtful accounts		(23.642)	(13.534)
Accounts receivable, net		922.036	527.841
Inventory		679.474	767.102
Prepaid advertising		80.000	75.000
Foreign exchange contracts—cash flow hedge		6.552	3.150
	<i>Total short-term assets</i>	<i>1.688.062</i>	<i>1.373.093</i>
Property, plant and equipment		5.112.700	5.088.500
Less accumulated depreciation		(2.267.620)	(2.023.500)
Property, plant and equipment, net		2.845.080	3.065.000
Investment in associate A		261.600	240.000
Goodwill		154.967	154.967
Other intangible assets		35.000	35.000
	<i>Total long-term assets</i>	<i>3.296.647</i>	<i>3.494.967</i>
Accounts payable, trade		(612.556)	(505.000)
Advances from customers		(182.000)	(425.000)
Wages payable		(173.000)	(200.000)
Share-based remuneration liability		(39.586)	(21.165)
Current portion of lease liability		(35.175)	(33.500)
Interest payable on lease liability		(14.825)	(16.500)
	<i>Total short-term liabilities</i>	<i>(1.057.142)</i>	<i>(1.201.165)</i>
Accrued pension liability		(293.250)	(529.500)
Lease liability (excluding current portion)		(261.325)	(296.500)
Other long-term liabilities		(33.488)	(16.100)
	<i>Total long-term liabilities</i>	<i>(588.063)</i>	<i>(842.100)</i>
	Net operating assets	3.339.504	2.824.795
Investing			
Available-for-sale (financia) assets (short-term)		473.600	485.000
Investment in associate B (long-term)		46.750	39.250
	Total investing assets	520.350	524.250
	NET BUSINESS ASSETS	3.859.854	3.349.045
FINANCING			
Financing assets			
Cash		1.174.102	861.941
	Total financing assets	1.174.102	861.941
Financing liabilities			
Short-term borrowings		(562.000)	(400.000)
Interest payable		(140.401)	(112.563)
Dividends payable		(20.000)	(20.000)
	<i>Total short-term financing liabilities</i>	<i>(722.401)</i>	<i>(532.563)</i>
Long-term borrowings		(2.050.000)	(2.050.000)
	Total financing liabilities	(2.772.401)	(2.582.563)
	NET FINANCING LIABILITIES	(1.598.299)	(1.720.622)
DISCONTINUED OPERATIONS			
Assets held for sale		856.832	876.650
Liabilities related to assets held for sale		(400.000)	(400.000)
	NET ASSETS HELD FOR SALE	456.832	476.650
INCOME TAXES			
Short-term			
Deferred tax asset		4.426	8.907
Income taxes payable		(72.514)	(63.679)
Long-term			
Deferred tax asset		39.833	80.160
	NET INCOME TAX ASSET (LIABILITY)	(28.255)	25.388
	<i>NET ASSETS</i>	<i>2.690.132</i>	<i>2.130.461</i>
EQUITY			
Share capital		(1.427.240)	(1.343.000)
Retained earnings		(1.100.358)	(648.289)
Accumulated other comprehensive income, net		(162.534)	(139.173)
	TOTAL EQUITY	(2.690.132)	(2.130.462)
Total short-term assets		4.197.021	3.605.591
Total long-term assets		3.383.231	3.614.377
Total assets		7.580.252	7.219.968
Total short-term liabilities		(2.252.057)	(2.197.406)
Total long-term liabilities		(2.638.063)	(2.892.100)
Total liabilities		(4.890.120)	(5.089.506)

Drög að breyttri framsetning úr „efnahagsreikningi“ yfir í „Yfirlit um fjárhagslega stöðu“ (*statement of financial position*). Hér kemur vel fram hvernig sundurliðunin (*disaggregation*) einnig hvernig skiptin á eignum og skuldum falla í þrjá flokka, þ.e. rekstur, fjárfesting og fjármögnun.

Fylgiskjal nr. 3 Yfirlit um sjóðstreymi.

STATEMENT OF CASH FLOWS	For the year ended	
	31 December	
	2010	2009
BUSINESS		
Operating		
Cash received from wholesale customers	2.108.754	1.928.798
Cash received from retail customers	703.988	643.275
<i>Total cash collected from customers</i>	<i>2.812.742</i>	<i>2.572.073</i>
Cash paid for goods		
Materials purchases	(935.544)	(785.000)
Labour	(418.966)	(475.313)
Overhead—transport	(128.640)	(108.000)
Pension	(170.100)	(157.500)
Overhead—other	(32.160)	(27.000)
<i>Total cash paid for goods</i>	<i>(1.685.410)</i>	<i>(1.552.813)</i>
Cash paid for selling activities		
Advertising	(65.000)	(75.000)
Wages, salaries and benefits	(58.655)	(55.453)
Other	(13.500)	(12.500)
<i>Total cash paid for selling activities</i>	<i>(137.155)</i>	<i>(142.953)</i>
Cash paid for general and administrative activities		
Wages, salaries and benefits	(332.379)	(314.234)
Contributions to pension plan	(170.100)	(157.500)
Capital expenditures	(54.000)	(50.000)
Lease payments	(50.000)	0
Research and development	(8.478)	(7.850)
Settlement of share-based remuneration	(3.602)	(3.335)
Other	(12.960)	(12.000)
<i>Total cash paid for general and administrative activities</i>	<i>(631.519)</i>	<i>(544.919)</i>
<i>Cash flow before other operating activities</i>	<i>358.658</i>	<i>331.388</i>
Cash from other operating activities		
Disposal of property, plant and equipment	37.650	0
Investment in associate A	0	(120.000)
Sale of receivable	8.000	10.000
Settlement of cash flow hedge	3.402	3.150
<i>Total cash received (paid) for other operating activities</i>	<i>49.052</i>	<i>(106.850)</i>
Net cash from operating activities	407.710	224.538
Investing		
Purchase of available-for-sale financial assets	0	(130.000)
Sale of available-for-sale financial assets	56.100	51.000
Dividends received	54.000	50.000
Net cash from investing activities	110.100	(29.000)
NET CASH FROM BUSINESS ACTIVITIES	517.810	195.538
FINANCING		
Interest received on cash	8.619	5.500
Total cash from financing assets	8.619	5.500
Proceeds from issue of short-term debt	162.000	150.000
Proceeds from issue of long-term debt	0	250.000
Interest paid	(83.514)	(82.688)
Dividends paid	(86.400)	(80.000)
Total cash from financing liabilities	(7.914)	237.312
NET CASH FROM FINANCING ACTIVITIES	705	242.812
<i>Change in cash from continuing operations before taxes and equity</i>	<i>518.515</i>	<i>438.350</i>
INCOME TAXES		
Cash taxes paid	(281.221)	(193.786)
<i>Change in cash before discontinued operations and equity</i>	<i>237.294</i>	<i>244.564</i>
DISCONTINUED OPERATIONS		
Cash paid from discontinued operations	(12.582)	(11.650)
NET CASH FROM DISCONTINUED OPERATIONS	(12.582)	(11.650)
<i>Change in cash before equity</i>	<i>224.712</i>	<i>232.914</i>
EQUITY		
Proceeds from reissue of treasury stock	84.240	78.000
NET CASH FROM EQUITY	84.240	78.000
Effect of foreign exchange rates on cash	3.209	1.027
CHANGE IN CASH	312.161	311.941
Beginning cash	861.941	550.000
Ending cash	1.174.102	861.941

Drög að breyttri framsetningu á „jóðstreymi“ yfir í „Yfirlit um sjóðstreymi“ sem hefur einnig flokkana þrjá, rekstur, fjárfesting og fjármögnun. Flokkunin eru til staðar í sjóðstreyminu í dag, en farið frá „óbeinni aðferð“ yfir í „beina aðferð“. Það koma aðrir þrjú flokkar til viðbótar sem eru, skattkostnaður (*income taxes*), aflögð starfsemi (*discontinued operations*) og eigið fé (*equity*). Eigið fé var áður í flokknum fjármögnun er fær í breyttu framsetningunni sérstakan flokk.

Fylgiskjal nr. 4 Yfirlit um breytingu á eigið fé.

	Share capital	Retained earnings	Foreign currency translation adjustment- associate A	Foreign currency translation adjustment- consolidated subsidiary	Revaluation surplus	Unrealized gain on cash flow hedge	Unrealized gain on available-for-sale financial assets	Total equity
Balance at 31 Dec. 2008	1.265.000	280.250	50.200	37.000	800	31.000	6.000	1.670.250
Issue of share capital	78.000							78.000
Dividends		(80.000)						(80.000)
Total comprehensive income		448.038	(1.492)	(1.300)	0	1.690	15.275	462.211
Balance at 31 Dec. 2009	1.343.000	648.288	48.708	35.700	800	32.690	21.275	2.130.461
Issue of share capital	84.240							84.240
Dividends		(86.400)						(86.400)
Total comprehensive income		538.469	2.094	(1.404)	3.653	1.825	17.193	561.830
Balance at 31 Dec. 2010	1.427.240	1.100.357	50.802	34.296	4.453	34.515	38.468	2.690.131

Drög að breytingu á framsetningu „eigið fé“ yfir í „Yfirlit um breytingu á eigið fé“ er í raun lítið breytt frá fyrri framsetningu. Aðalbreypingin er sú að allar færslur sem fóru beint á eigið fé og tilheyrðu rekstri fara núna í gegnum rekstrarreikninginn í formi heildarhagnaðar.